




# Skógrækt ríkisins Suðurlandsdeild



## Ársskýrsla 2002

Samantekt  
Hreinn Óskarsson  
Skógarvörður

## Starfssvæði Suðurlandsdeildar ásamt vegalengd frá Selfossi





Gróðurhúsið á Tumastöðum

Ljósmynd: Hrafn Óskarsson

© Skógrækt ríkisins 2003  
© Hreinn Óskarsson

Útgefandi: Skógrækt ríkisins  
Höfundar efnis: Hreinn Óskarsson, Hrafn Óskarsson  
og Theódór A. Guðmundsson  
Myndir: Hrafn Óskarsson og Hreinn Óskarsson  
Mynd á forsíðu: Sitkæli (*Alnus sinuata*) - Hrafn Óskarsson

Öll réttindi áskilin.

Efni skýrslunar má afrita með ljósmyndun,  
hljóðritun og á annan sambærilegan hátt, að hluta eða  
í heild, með skriflegu leyfi höfundar og útgefanda.

## SAMANTEKT

Árið 2002 unnu fimm fastráðnir starfsmenn hjá Suðurlandsdeild og alls voru unnin 10 ársverk þegar lausráðnir eru taldir með. Fimm erlendingir starfsnemar frá erlendum skógræktarskólum unnu hjá deildinni í samtals 13 mánuði. Nokkur verk voru í höndum verktaka t.d. tjaldsvæði í Þjórsárdal. Tíðarfar á árinu má teljast gott sem skilaði sér í góðum vexti trjáa t.d. sitkagrenis.

Alls var sáð til 238 þús. trjáplantna, 86 þús. lúpínuplantna og 80 þús. græðlingum af ösp og víði var stungið í bakka. Í ár voru afhent rúm hálf milljón trjáplantna frá Tumastöðum. Flestar plönturnar 233 þús. fóru til Skógræktar ríkisins, 143 þús. til Landgræðslu ríkisins og 87 þús. til Landgræðsluskóga. Afhending á græðlingaefni úr ösp og víði var alls fyrir 118 þús. plöntur.

Alls voru gróðursettar 165.553 trjáplöntur hjá deildinni. Helstu trjátegundir voru sitkagreni (54 þús.), birki (35 þús.) og alaskaösp (33 þús.). Stærsta einstaka gróðursetningin var langtímatilraun sem er í Gunnarsholti.

Grisjun var gerð í Þjórsárdal, Haukadal, á Tumastöðum og í Hrafnagjárdal. Sagað var frá jólatrjáareitum og áburður borinn á reiti á flestum svæðum. Deildin tók þátt í grisjunarverkefni í samvinnu við Suðurlandsskóga og Skógræktarfélag Árnesinga og voru reitir grisjaðir víða um Suðurland.

Unnið var að nokkrum tilraunaverkefnum. Þau helstu eru; Langtímatilraun í skógrækt í Gunnarsholti, svepprótasmitun í ungplöntum, könnun á áhrifum áburðargjafa og svepprótasmits á vöxt og lifun birkis, ræktun á ryðþolnum asparklönnum. Skógræktarnemar luku við kortlagningu á Mosfelli í Grímsnesi og skrifuðu þeir einnig notenda leiðbeiningar fyrir kortlagningarforrit. Einnig fóru þeir í gegn um reitakort og einfölduðu það.

Kurlsala var um 120 rúmmetrar á árinu, 1550 jólatré voru seld og 34 torgtré. Fræhreinsun á Tumastöðum var með meira móti og voru alls hreinsuð rúm 28 kíló af trjáfræi. Mest af fræinu var safnað á Suðurlandi.

Girðingar voru endurnýjaðar á Tumastöðum, alls 1,3 km auk styttri kafla í öðrum skóglendum. Vegir voru lagaðir á Tumastöðum og í Þjórsárdal.

Nýr skógarstígur var gerður í Haukadal í samvinnu við Sjálfsbjörgu á Suðurlandi. Ein milljón fékkst til verksins úr Pokasjóði. Ný skilti voru sett upp í trjásafninu í Múlakoti. Er þetta nú að verða með betri arboretum á Íslandi.

Fjárheimild Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins fyrir árið 2002 var 16,2 m.kr, en deildin fékk að auki úthlutað 6,0 m.kr sem ætlaðar voru til að greiða fyrir gróðursetningu plöntulagers á Tumastöðum. Heildarfjárheimild ársins var því 22,2 m.kr. Er fjárheimild til deildarinnar sú lægsta til allra deilda S.r. sem er nokkuð undarlegt í ljósi þess að mest skóglendi að flatarmáli eru á Suðurlandi.

Rekstarkostnaður ársins var 45,4 m.kr og hækkaði um 7,9 m.kr frá fyrra ári eða um 21%. Launakostnaður á árinu var 31,1 m.kr og hækkaði um 5,3 m.kr eða um 20%. Annar rekstrarkostnaður var 15,9 m.kr og hækkaði um 1,6 m.kr á milli ára eða um 11,1%.

Tekjur ársins voru alls 20,7 m.kr og stóðu nánast í stað milli ára, lækkuðu um 150 þ.kr. Millifærslur milli deilda voru um +1,5 m. kr. og var um 1,2 milljón króna halli á rekstri deildarinnar.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>bls. 6</b>
<b>Mannahald</b>	<b>bls. 7</b>
Heilsármenn	bls. 7
Sumarfólk og lausráðnir	bls. 7
Erlendir starfsnemar	bls. 7
Starfsfólk svæðisvinnumiðlunar	bls. 7
<b>Umhverfispættir</b>	<b>bls. 8</b>
Veðurfar ársins	bls. 8
Vöxtur og þrif trjágróðurs	bls. 8
<b>Ræktun trjáplantna</b>	<b>bls. 9</b>
Sáning	bls. 9
Stunga græðlinga	bls. 9
Afhending skógarplantna	bls. 9
Afhending græðlinga	bls. 10
<b>Gróðursetning</b>	<b>bls. 11</b>
Undirbúningur gróðursetningar	bls. 11
Tumastaðir	bls. 11
Þjórsárdalur	bls. 11
Haukadalur	bls. 12
Skjólbelti	bls. 12
Mosfell	bls. 12
Skarfanés	bls. 12
<b>Hirðing og grisjun</b>	<b>bls. 13</b>
Tumastaðir	bls. 13
Þjórsárdalur	bls. 13
Haukadalur	bls. 13
Þingvellir	bls. 14
Grisjunarátak	bls. 14
<b>Tilraunir og þróunarverkefni</b>	<b>bls. 15</b>
Birki - svepprót	bls. 15
Langtímatilraun	bls. 15
Ræktun á ryðþolnum asparklónum	bls. 15
Úrvinnsla rannsókna	bls. 16
Úttekt á ryðþoli rauðgrenikvæma	bls. 16
Íslenska slaufan ( <i>nordic knot</i> )	bls. 16
Kortlagning á Mosfelli	bls. 17
Gróðursetning jólatrjáa á Tumastöðum	bls. 17
<b>Skógarafurðir</b>	<b>bls. 18</b>
Kurl	bls. 18
Viður	bls. 18
Jólatré	bls. 18
Trjáfræ	bls. 19

<b>Girðingar og vegir</b>	<b>bls. 21</b>
Viðhald girðinga	bls. 21
Endurnýjun girðinga	bls. 21
Viðhald vega	bls. 21
<b>Útivistarsvæði</b>	<b>bls. 22</b>
Tumastaðir	bls. 22
Trjagarðurinn í Múlakoti	bls. 22
Þjórsárdalur	bls. 22
Haukadalur	bls. 22
Þingvellir	bls. 23
Þórsmörk	bls. 23
<b>Fasteignir</b>	<b>bls. 24</b>
Sala og niðurrif	bls. 24
Nýsmíði	bls. 24
Viðhald	bls. 24
Útleiga	bls. 25
<b>Rekstur ársins</b>	<b>bls. 26</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>bls. 26</b>
<i>Launakostnaður</i>	<i>bls. 26</i>
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	<i>bls. 26</i>
<b>Sértekjur</b>	<b>bls. 27</b>
Tekjur almennar	bls. 27
Vörusala	bls. 27
<b>Millifærslur</b>	<b>bls. 27</b>
<b>Ýmislegt annað</b>	<b>bls. 28</b>
Erlendir starfsnemar	bls. 28
Kynning á skógarafurðum	bls. 28
Kynning á íslenskum jólatrjám	bls. 28
Skogur.is	bls. 28
Fundir og ferðir	bls. 29
Heitavatnsborun og hitaveita í Þjórsárdal	bls. 29
Vinnuskipti	bls. 29
Heimsóknir hópa	bls. 29
Samstarf við framhaldsskóla	bls. 29
Skólasamstarf	bls. 29
Fyrirlestrar	bls. 30
Greinaskrif	bls. 30
<b>Viðauki</b>	<b>bls. 31</b>
<b>Gróðursetning</b>	<b>bls. 32</b>
2000	<i>bls. 32</i>
2001	<i>bls. 33</i>
2002	<i>bls. 35</i>

## Inngangur

Árskýrsla skógarvarðar Skógræktar ríkisins á Suðurlandi hefur komið út ár hvert síðan 1944, þó utan árin 2000-2001. Skýrsla skógarvarðar fjallar um þau störf sem unnin hafa verið á árinu hjá Suðurlandsdeild. Ekki er mögulegt að nefna öll verkefni sem unnið hefur verið að á svæðinu síðastliðið ár er því stiklað á stóru.

Rekstur Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins gekk ágætlega á árinu og er rekstrarniðurstaða árisins viðunandi. Trjágróður spratt vel á Suðurlandi og enda var ágætis tíðarfar allt til ársloka.

Nýr skógarvörður tók við starfi á Suðurlandi í byrjun árs 2002 og hefur verið unnið að því að breyta starfsaðferðum og rekstri deildarinnar. Eignir hafa verið seldar á árinu og leitast hefur verið við að minnka rekstrarkostnað og einfalda rekstur. Rekstur tjaldsvæða hefur verið leigður út og verktakar fengnir í ákveðin verk s.s. gróðursetningu. Ekki skal lagður dómur á hvort þessar breytingar hafa skilað miklum árangri en haldið verður áfram á sömu braut á næsta ári.

Skógarvörður þakkar starfsfólki deildarinnar vel unnin störf á árinu 2002 og öðru samstarfsfólki innan og utan Skógræktar ríkisins fyrir farsælt samstarf.

Einnig ber að þakka ágætt samstarf við sveitastjórnir og aðrar stofnanir á árinu sér í lagi Suðurlandsskóga, Skógræktarfélag Árnesinga, Landsvirkjun og Landgræðsluna.

Flestar myndirnar í skýrslunni eru teknar af Hrafni Óskarssyni verkstjóra á Tumastöðum auk nokkurra sem skógarvörður laumaði inn.

Virðingarfyllst,

---

Hreinn Óskarsson  
skógarvörður

## Mannahald

Miklar breytingar urðu á starfsmannahaldi um áramótin 2001-2002. Þrír nýir starfsmenn voru ráðnir til starfa í upphafi árs. Þeir voru auk skógarvarðar þeir Ólafur E. Ólafsson og Jóhannes H. Sigurðsson á Ásólfstöðum í Þjórsárdal. Alls voru unnin 10 ársverk á vegum deildarinnar. Þar af voru fimm heilsármenn.

### Heilsármenn

---

Heilsármenn voru Hrafn Óskarsson, Hreinn Óskarsson, Jóhannes H. Sigurðsson, Ólafur E. Ólafsson og Theódór A. Guðmundsson.

### Sumarfólk, lausráðnir og verktakar

---

Lausráðnir á Tumastöðum voru Árni Guðmundsson, Ásmundur Eiríksson, Ásmundur Þórisson, Einar Bjarni Sigurpálsson, Eyvindur Ágústsson, Jón Bragi Guðjónsson, Signý Rós Jónsdóttir, Sigríður Böðvarsdóttir og Guðmundur E. Kristjánsson. Alls unnu þessir starfsmenn 5.130 klukkustundir eða um 2,5 ársverk.

Alls unnu 11 unglingar á vegum Landsvirkjunar á Tumastöðum frá júnibyrjun til ágústloka. Þau unnu við öll þau störf sem inna þurfti af hendi og tókst mjög vel til. Nú hefur samningur þessi runnið út og mun verða leitað eftir frekara samstarfi.

Í Haukadal voru tveir drengir við störf Páll Sigurðsson og Helgi Svanur Guðjónsson frá júní til ágústloka og í Þjórsárdal þeir Egill Baldursson og Ýmir Sigurðsson. Auk þeirra unnu Arinbjörn Þorbjörnsson (janúar til júní), Thomas Menne (maí til desember), Björgvin Örn Eggertsson (1.júní-15.júlí) og Björg Örlygsdóttir (júní-ágúst) hjá deildinni. Alls gera þetta um 2,5 ársverk.

Verktakar sáu um girðingar í Hrifunesi og á Kirkjubæjarklaustri, rekstur tjald- og hjólhýsasvæða í Þjórsárdal, gróðursetningu á trjáplöntum í Mosfelli, auk ýmissa viðvika. Var reynsla almennt góð af þessu fyrirkomulagi og munu fleiri verk verða boðin út á árinu.

### Erlendir starfsmenn

---

Í sumar og haust unnu fimm starfsmenn hjá deildinni við ýmis verkefni. Þau eru: Dennis Mejer Larsen (KVL, Danmörku), Vittoria Badaracco (Háskólanum í Toríno), Morten Trane Leth (KVL), Asti Roesle (Sviss) og John Theilgaard Laursen (Skovskolen í Nødebo, Danmörku).

### Starfsfólk svæðisvinnumiðlunar

---

Fjórir starfsmenn frá Svæðisvinnumiðlun Suðurlands voru fengnir í gerð skógarstíga í Haukadal. Reyndust þessir starfsmenn ekki vel og er ólíklegt að reynt verði að nýta slíkan starfskraft nema til mjög einfaldra og léttra verka.



## Veðurfar ársins

Almennt má segja að veður hafi verið með betra móti sem sást á vexti trjágróðurs á Suðurlandi. Fyrri part sumars ríktu norðaustlægar áttir og var júní með þurrara móti. Gæti þetta þurra tímabil hafa haft mildandi áhrif á sveppasjúkdóma s.s. greniryð sem var með minna móti. Haustið var óvenjulega hlýtt og rakt, nánast frostlaust utan tímabils í október. Mikil frostlyfting varð á því tímabili enda jörð orðin gegnblaut eftir mikla úrkomu. Desember var sá hlýjasti frá upphafi mælinga og mátti sjá brumþrútnun á mörgum runnum og nokkrar runnategundir sprungu út t.d. bogsírena, rauðtoppur og ýmsar rósir.

## Vöxtur og þrif trjágróðurs

Vöxtur trjáa var með mesta móti og mældust árssprotar á greni í Haukadal og á Tumastöðum yfir 80 cm. Lítið var af fræi á greni, birki og stafafuru. Mikil blómgun var hins vegar á stafafuru vorið 2002 og má því búast við miklu fræi 2003 ef aðstæður verða ákjósanlegar.

Ryðsveppur sem var áberandi í rauð- og blágreni sér í lagi í Haukadal árin 2000 og 2001 var lítill sem enginn í ár. Var því hægt að höggva fleiri jólatré en undanfarin ár. Aspar- og gljávíðiryð var einnig með minna móti í þéttbýli í lágsveitunum. Líklegar skýringar eru að búið er að fjarlægja mikið af lerki á svæðinu, þurrt var fyrri part sumars og laufmassi aspa á svæðinu er mun minni en fyrir tveimur árum þegar ryðið kom fyrst upp. Sitkalúsar fór að gæta í haust og olli hún nálafalli sér í lagi í lágsveitum. Ekki urðu nein alvarleg haustfrost plöntum að fjörtjóni svo vitað sé sunnanlands.

Nokkuð var um að toppsprotar sem voru óvenju langir brotnuðu af í stórviðri sem geysaði um Verslunarmannahelgina. Saltákoma var mikil með fyrstu haustlægdinni sem kom 1. september. Urðu laufblöð á trjám í Rangár- og Skaftafellssýslum svört og haustlitir þ.a.l. litlir á þeim svæðum sem salt barst yfir.



Reyniber

Líósm. Hrafn Óskarsson

## Ræktun trjáplantna og græðlinga

Allir bakkar voru þvegnir og sótthreinsaðir og síðan fyllt mold í þá bakka sem sáð var í. Aðstoð fékkst frá Landgræðslunni sem lagði til aðstoðarfólk við lúpínuræktun.

### Sáning

Sáð var um miðjan maí í 5.962 bakka, fræi 12 tegunda, til alls 238.480 plantna. Að auki voru ræktaðar 85.580 lúpínuplöntur í bökkum fyrir Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti og tókst það vel.



Nýspírað blágreni

Ljós. Hrafn Óskarsson

### Stunga græðlinga

Stungið var græðlingum af alaskaösp og víði í 2.278 bakka, samtals 79.730 stykkjum.

### Afhending skógarplantna

Töluvert álag var á starfsfólki á Tumastöðum við afhengingu skógarplantna í maí og júní, enda fámennt og margar plöntur sem afhenda þurfti á stuttu tímabili. Sameinað var í bökkum og pantanir afgreiddar til viðskiptavina.

Í ár nam afhending til Skógræktar ríkisins 232.494 plöntum, Landgræðslu ríkisins 142.815 og Landgræðsluskóga Skógræktarfélag Íslands 87.310. Sala á lagerplöntum nam um 43.142 plöntum í bökkum og um 2.800 plöntum í pottum. Alls voru því afhentar 508.561 planta úr stöðinni árið 2002.

## Afhending græðlinga

---

Græðlingaefni af ösp og víði var klippt úr græðlingabeðum, því pakkað í plast og sett í kæli. Afgreiddar voru pantanir á græðlingum, bæði á óklipptu efni sem ræktendur klipptu sjálfir niður til ræktunar í bökkum og eins niðurklipptum (18-20 cm) græðlingum aðallega til skógræktenda á vegum Suðurlandsskóga. Alls voru seldir græðlingar (18-20 cm) og bakkagræðlingaefni fyrir 117.800 plöntur.



Klipping á græðlingum

Ljósm. Hrafn Óskarsson

## Gróðursetning

Alls voru gróðursettar 165.553 trjáplöntur hjá deildinni. Helstu trjátegundir voru sitkagreni (54 þús), birki (35 þús) og alaskaösp (33 þús). Stærsta einstaka gróðursetningin var langtímatilraun sem er í Gunnarsholti (sjá kafla um tilraunir). Til stóð að staðsetja tilraunina í Tungu- og Kollabæjarlandi en ekki fundust nægilega stórir fletir sem voru nógu einsleitir til að uppfylla tölfræðilegar kröfur. Í viðauka má sjá nánari upplýsingar um gróðursetningu.

### Undirbúningur gróðursetningar

Í júní var gerð tilraun með sáningu í foksand í s.k. Læmi sem er vestan Sandártungu norðan við Þjórsá á mótis við Skarfanes. Sáðblandan samanstóð af melgresi, lúpínu, rýgresi og birki. Ef vel tekst til verður slík sáning reynd í meiri mæli á næstu árum. Á nálægu svæði voru einnig settar niður kartöflur með birkiplöntum og var markmiðið að fá lífrænt efni í sandinn sem birkið gæti svo nýtt sér á komandi árum. Heyrúllum af Skriðufellstúnum var einnig ekið út á sanda til uppgræðslu. Nokkrir tugir ha voru jarðunnir með TTS-herfi í Þjórsárdal og Haukadal. Á Mosfelli reyndi verktaki að gróðursetja beint í mólendi með s.k. Markúsarplóg en það tókst ekki fyrr en búið var að heiltæta landið.

### Tumastaðir

Í lönd Kollabæjar, Tungu og Tumastaða voru gróðursett alls 21.076 tré. Mest var af alaskaösp (8.000) aðallega klónarnir Súla, Pinni og Salka. 7.800 sitkagreni af heima-kvæmi voru gróðursett auk 200 rauðgrenitrjáa. Einnig var töluvert gróðursett af alaskavíði (2.259) og jörfavíði (1.194). Hluti af þessum plöntum fór í 800 m skjólbelti sem var sett niður. Gróðursettar voru 375 blælrí af fræi úr Múlakoti. Einnig fóru 2.237 plöntur af ýmsum tegundum í jólatrjáatilaunir.



Gróðursetning á Tumastöðum

Ljós. Hrafn Óskarsson

### Þjórsárdalur

Í Þjórsárdal voru gróðursettar ýmsar tegundir víða um dalinn, alls 32.759 tré. Mikið var sett af rauðgreni (7.550) og blágreni (5.690) í jólatrjáareiti. Um 10.000 birkitré voru gróðursett í uppgræðslusvæði, þ.a. 4.500 í svepprótartilraun. Auk þessa voru gróðursettar um 2.100 sitkagreni, 3.000 stafafurur, um 200 alaskaaspir, 200 af alaskavíði, 450 kopar-reyniplöntur, 300 gráelriplöntur, 700 kjarrelri og 700 sitkaelri.

## Haukadalur

---

Í Haukadal voru gróðursett 16.230 tré víða um dalinn og upp á heiði, þ.a. 3.830 í ný skjólbelti. Einnig var sett niður tilraun þar sem kjötmjöl var prófað sem áburður. Mest var sett niður af alaskaösp 4.810 (þ.a. 400 græðlingar), elritegundum 3.500, birki 2.040, sitkagreni 1.970, víðitegundum 3.270 auk 35 álma.

## Skjólbelti

---



Á túnum í landi Laugar utan hliðs í Haukadalsskóg voru gróðursett skjólbelti með ýmsum tegundum, alls 3.830 plöntur. Markmiðið með beltunum er að þau veiti jólatrjáareitum framtíðarinnar skjól. Er stefnan að gróðursetja jólatré í skjól beltanna á árunum 2004-2008.

Skjólbelti í Haukadal  
Ljósmynd. Hreinn Óskarsson

## Mosfell

---

Í Mosfelli var gróðursett með vél, s.k. Markúsarplógi. Eftir nokkra þróunarvinnu tókst loks að vélgróðursetja blágreni, gráelri og bláelri, auk koparreynis í s.k. Einbúa. Alls um 3.000 plöntur. Einnig voru gróðursettar um 100 alaskaaspir af tveim klónunum í reit nr 99, en sökum vandræða með gróðursetningavél var ekki gróðursett meira í þann reit.



Ýmir og Egill skoða „vélgróðursetningu“ á Mosfelli  
Ljósmynd. Hreinn Óskarsson

## Skarfanes

---

Tveir aðilar sem leigja landspildur til skógræktar í landi S.r. í Skarfanesi gróðursettu 3.600 trjáplöntur mestmegnis í melgresis hóla. Jón Grettisson gróðursetti 2.500 plöntur mestmegnis rússalerki, Þorvarður og Arinbjörn Þorbjarnarsynir 1.100.

## Hirðing og grisjun

Unnið var að hirðingu reita í Þjórsárdal, Haukadal, á Þingvöllum og Tumastöðum. Aðeins er gerð grein fyrir stærstu verkefnum.

### Tumastaðir

---

Á Tumastöðum var grisjaður 30 ára gamall sitkagrenireitur neðst og vestast í stöð. Einnig voru gömul birkibelti grisjuð og klippt. Asparbelti sem eru staðsett umhverfis móðurplöntureiti voru kvistuð upp. Rúmu hálfu tonni af áburði var dreift á ungskóg í Kollabæjarlandi.



Áburðargjöf á Tumastöðum

Ljósm. Hrafn Óskarsson

### Þjórsárdalur

---

Nokkrar vinnuvikur fóru í að saga kjarr frá jólatrjám. Einnig var borið á nokkra reiti. Var að mestu unnið eftir áætlun (driftsplani) Björgvins Arnar Eggertssonar. Jóhannes verkstjóri grisjaði stafafuru sem gróðursett var af Ásólfí Pálssyni afa Jóhannesar árið 1965. Var efnið allt kurlað og fengust rúmlega 50 rúmmetrar af kurli úr þeirri grisjun.

### Haukadalur

---

Í Haukadal var sagað fyrir skógarstíg í sumar. Einnig var kjarrsagað frá jólatrjám í ýmsum reitum. Hér var einnig stuðst við áætlun Björgvins eins og í Þjórsárdal. Grisjað var í norðurhluta Svartagilshvamms. Þar eru hæstu trén nú orðin um og yfir 20 metrar.

## Þingvellir

---

Grisjun var gerð á Furureit sem gróður-settur var árið 1974 í Hrafnagjárdali. Var reiturinn ákaflega þéttur og hafði aldrei verið grisjaður. Þó var lítill hluti hans verið grisjaður árið 2001. Í þeim hluta sem grisjaður var 2001 höfðu tré fallið og var því grisjað nokkuð léttar í ár og skilin eftir um 3.500 tré á ha af þeim 5.000 sem voru í reitnum. Mikil þörf er á grisjun í greni í Hallinum og verður um 1 ½ mann-mánuði verið í grisjun á árinu 2003.



F.v. skógarvörður Böðvar Guðm. brytur sér leið inn í furureit í Hrafnagjárdali á Þingvöllum.

Ljósmynd: Hreinn Óskarsson

## Grisjunaráttak

---

Í október og nóvember var gert grisjunaráttak í samvinnu við Suðurlandsskóga og Skógræktarfélag Árnesinga. Framlag Skógræktar ríkisins fólst í láni á keðjusögum og bíl, auk námskeiðs og leiðbeininga um grisjun. Að þessu sinni voru reitir á vegum skógræktarfélaganna og einkaaðila grisjaðir. Svæðin sem grisjuð voru eru: Snæfoksstaðir, Hamarinn í Hveragerði, hvítgrenireitur í Laugardal, Álfaskeiðsreitur og Helgastaðareitur. Unnu þeir starfsmenn við verkið og fengu þeir laun frá Suðurlandsskógum og Skf. Árnesinga.

## Tilraunir og þróunarverkefni

Ein af þeim áherslubreytingum sem nýr skógarvörður vildi gera á starfi deildarinnar var að auka hlut verkefna sem væru unnin á þann hátt að hægt væri að læra eitthvað af þeim. Því voru gerðar nokkrar tilraunir og athuganir á árinu. Helstu tilrauna- og þróunarverkefni eru:

### Birki - svepprót

*Birki, svepprót, áburður í hnaus og glycine beatine*

Undirbúningur fyrir tilraun með birki, glycine beatine, áburð í hnaus og svepprót var unnin á Tumastöðum af Björgu Örlygsdóttur. Voru tilraunaplöntur svo gróðursettar í Þjórsárdal í blokkartilraun.

*Svepprótasmitun*

Í sumar voru gerðar frumathuganir á svepprótum plantna í gróðrarstöðinni á Tumastöðum. Nýspíraðar stafafuru- og birkiplöntur voru smitaðar með TerraVital sveppasmiti sem breska fyrirtækið PlantWorks framleiðir, til að athuga áhrif smitsins á vöxt plantnanna og svepprótamyndun. Tekin voru rótarsýni af plöntunum í haust og þær mældar. Jafnframt voru tekin sýni af ungum og eldri plöntum af allmörgum tegundum í stöðinni.

Úlfur Óskarsson stýrir þessum rannsóknum. Markmið þeirra er að kanna svepprótamyndun plantna, einkum birkis, í gróðrarstöðvum og eftir útplöntun á landgræðslusvæði, en jafnframt nær könnunin til gróðurs auðna og uppgræðslna. Frekari athuganir verða gerðar í gróðrastöðinni á Tumastöðum árið 2003.

### Langtímatilraunir

Í sumar var gróðursett langtímatilraun í skógrækt eftir skipulagi Bjarna D. Sigurðssonar. Var henni komið fyrir á lúpinubreiðum í Gunnarsholti og var reynt að nota nýja gerð Markúsarplógs sem smíðaður var í Gunnarsholti við gróðursetninguna. Mikill tími fór í breytingar á plógnum og voru afköst því mjög lítil framan af. Þrátt fyrir endurbætur þá gekk gróðursetning með plóginum svo illa að handgróðursett var í síðustu blokkina. Unnu þrír til fimm starfsmenn við verkið og höfðu Karl Gunnarsson Mógilsá og Björgvin Ö. Eggertsson umsjón með verkinu. Björgvin nýtti sér tilraunina til lokaverkefnis í námi sínu. Alls voru gróðursett 88.700 plöntur í tilraunina, þ.a. 20.100 alaskaaspir, 3.220 alaskavíðir, 43.200 sitkagreni og 22.240 birkiplöntur. Sumarið 2003 verður bætt við stafafuru auk íbóta af öðrum tegundum.



### Ræktun á ryðbolnum asparklónum

Í maí og fram í júní var unnið að því að prikkla fræplöntum af ösp (13.510), sem fræðimenn á Mógilsá höfðu sáð til í apríl. Fræið var fengið með því að víxla saman úrvalsklónum af alaskaösp. Var víxlunin unnin af Hauki Ragnarssyni ofl. Ræktunin er liður í rannsóknum á ryðsvepp á alaskaösp sem Halldór Sverrisson og Guðmundur Halldórsson stjórna. Klónunum Hauki, Sæland og Súlu



sem eru sérstaklega ryðþolnir var víxlað við úrvals asparklóna. Úrvalsklónarnir voru valdir á höfuðborgarsvæðinu og úr tilraunum Mógilsár. Á næsta ári verða þessir klónar gróðursettir í tilraunareiti í samvinnu Suðurlandsskóga og Mógilsár.

## Úrvinnsla rannsókna

---

Skógarvörður vann við úrvinnslu rannsókna og skrif á skýrslum á árinu. Er þetta verkefni greitt af Rannís, verkefninu „áhrif áburðargjafa á vöxt og líf trjáplantna“. Er áætlað að um tveir-þrjú mánuðir hafi farið í þetta verkefni.

## Úttekt á ryðþoli rauðgrenikvæma

---

Skógræktarnemarnir Vittoria Badaracco og Asti Roesle gerðu úttekt á tíðni greniryðs (*Chrysomyxa abietis*) í rauðgrenikvæmatilraun Þórarins Benedikz í Haukadal. Niðurstaða úttektarinnar var að rauðgrenikvæmi frá Baden í Þýskalandi kom best út. Kvæmið Baden hefur vöxt seinna en önnur kvæmi sem reynd eru í tilrauninni (flest norsk) og gæti því sloppið við ryðgró sem eru að dreifast snemma júní. Hefur verið ákveðið að gera nýja kvæmatilraun með rauðgreni þar sem rauðgrenikvæmi sunnan úr Evrópu verða prófuð ásamt nokkrum áðurprófuðum norskum kvæmum.



Haukdælskar lúpinur í blóma

Ljós. Hrafn Óskarsson

## Íslenska slaufan (nordic knot)

---

Íslenska slaufan er tilraun með nýja gerð skjólbeltis sem var gróðursett sumarið 2001 í Mosfelli, eftir skipulagi Alexanders Robertson frá Nýfundnalandi. Reyndist lífun í tilrauninni vera mjög góð eftir fyrsta veturinn enda var borið á trén strax við gróðursetningu með

rýgresisblandaðri Grósku II. Sumarið 2002 var aftur borið á plöntur og því ættu plönturnar að vaxa úr grasi fljótt og vel.

## Kortlagning á Mosfelli

---

Haustið 2002 unnu tveir skógræktarnemar frá Danmörku; Dennis M. Larsen og Morten T. Leth við kortlagningu á Mosfelli. Þeir unnu kortin á ArcGis forrit sem Suðurlandsskógar eiga. Þeir skrifuðu verklýsingu og leiðbeiningar í bók sem þeir skildu eftir fyrir starfsfólk Suðurlandsskóga og mun nýttast við kortlagningu næstu árin. Einnig endurskipulögðu þeir reitakort og gerðu gagnagrunn fyrir Mosfell í Microsoft Access forritinu.

## Gróðursetning jólatrjáa á Tumastöðum

---

Gróðursettar voru 2.237 tré í reit á Tumastöðum skv. skipulagi Böðvars Guðmundssonar skógræktarráðunautar. Böðvar sá um gróðursetningu og notaði til þess gamla gróðursetningavél „Raufarbaldur“, sem hann gerði upp og breytti lítillega. Var gróðursett í júní. Landið var plægt haustið 2001 með þrískera þeim er Böðvar flutti inn sérstaklega til plægingar á landi til jólatrjá og eða skjólbeltaræktunar. Plógur þessi er sagður geta plægt dýpra en aðrir plógar, allt niður í 40 cm. Við síendurteknar tilraunir færustu manna kom í ljós að því miður virkar plógurinn ekki á því dýpi í íslenskum mójardvegi. Hámarks vinnsludýpt er um 30 cm með 100 ha dráttarvél. Vinnsludýpt algengustu plóga mun vera um 20-22 cm.

Landið var tætt tvisvar sinnum með pinnatætara vorið 2002. Eftirtaldar tegundir voru gróðursettar; blágreni (kv. Santa Fe), rauðþinur (Mt. Shasta), fjallaþinur (Race horse creek, Arapaho og Apache), rauðgreni (Tumast.), stafafura (Skagway), sitkagreni (Tumast.), sitkabastarður (Hall.) og bergfura (St. Guillum). Var borin saman eitrun með round-up og Tell, sem er spirunarhemjandi efni.



Ígulrós (*Rosa rugosa*) í blóma

Ljósmynd. Hrafn Óskarsson

## Skógarafurðir

Stór hluti af sértekjuöflun deildarinnar er orðin sala skógarafurða þ.e. sala á kurli, trjávið og jólatrjám.

### Kurl

Um 120 rúmmetrar af kurli seldust á árinu. Til að anna eftirspurn þurfti að fá nokkra rúmmetra af kurli frá Hallormsstað. Starfsmenn deildarinnar kynntu og auglýstu kurl bæði í blöðum og á sýningu í Mosfellsbæ. Hefur það án efa skilað deildinni og öðrum deildum aukningu í kurlsölu.

### Viður

Lítill sala var á borðvið á árinu. Þó var tekin upp sú nýbreytni að „láta“ nokkra aðila fá borðvið úr viðarstaflanum í Gagnheiði 25 til að smíða borð og fleira. Var gerður samningur við tvo aðila að þeir greiddu Skógræktinni ekki fyrir viðinn fyrr en þeir væru búnir að selja smíðagripina. Á eftir að reyna á hvernig þetta lukkast.

Nokkrir rúmmetrar ef brenni, bæði úr furu og greni seldust af hlaði í Þjórsárdal.

### Jólatré

Ástand jólatrjáa var ágætt í ár. Alls voru höggvin rúmlega 1550 heimilistré og seldust 1534 þeirra, þ.a. 112 veggtré. 34 torgtré seldust í ár og voru það færri tré en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun. Flest heimilistrén voru höggvin í Haukadal og Þjórsárdal, auk nokkurra trjáa á Tumastöðum. Flest torgtrén voru höggvin í Haukadal en 10 torgtré voru höggvin á Þingvöllum norðan við Valhöll. Þessi tré þurfti hvort sem er að fjarlægja vegna fornleifauppgrftar.

Heimilistré	Rauðgreni				Torgtré	
	Rauðgreni	Blágreni	Stafafura	Fjallapínur	3-4m	6
0.70-1.00m	120	4	21	0	4-5m	6
1.01-1.25m	219	42	70	6	5-6m	2
1.26-1.50m	259	56	109	3	6-7m	6
1.51-1.75m	163	31	85	3	7-8m	8
1.76-2.00m	66	25	55	1	8-9m	4
2.01-2.50m	27	8	34	0	9-10m	1
2.51-3.00m	10	1	4	0	10-11m	0
	864	167	378	13	11-12m	1
					12-13m	0
Veggtré	112	stk				34
<b>Alls heimilistré og veggtré</b>			<b>1.534</b>	<b>tré</b>		

## Trjáfræ

---

Á Tumastöðum var lokið við að hreinsa fræ af birki, elri, sitkagreni ofl. frá haustinu 2001. Bæði var um að ræða fræ sem safnað var á Suðurlandi og fræ frá Hallormsstað. Var fræið sent að Mógilsá til Þórarins Benedikz fræmeistara.

Nokkuð var safnað af fræi af reyniviði, elri, birki, stafafuru og fleiri tegundum á Tumastöðum og í Múlakoti. Einnig var safnað fræi í Haukadal af stafafuru, rauðgreni og gráelri. Eins og áður var getið var fremur lítið af greni, furu og birkifræi þetta árið sunnanlands.

Á Tumastöðum var á haustmánuðum unnið að þreskingu og hreinsun á fræi af stafafuru sem starfsmenn á Hallormsstað tíndu þar eystra.



Frætínsla af rauðgreni í Haukadal

Ljós. Hrafn Óskarsson

## Fræ hreinsað á Tumastöðum 2002 - 2003

Tegund	Kvæmi	Magn (g)	A.T.H.
Reyniviður ( <i>Sorbus aucuparia</i> )	Múlakot	792	Að auki sáð 50 gr. á Tumast. Jan. 2003
Reyniviður ( <i>S. aucuparia</i> )	Fagrahlíð	374	Að auki sáð 50 gr. á Tumast. Jan. 2003
Reyniviður ( <i>S. aucuparia</i> )	Þorsteinslundur	360	Að auki sáð 50 gr. á Tumast. Jan. 2003
Reyniviður ( <i>S. aucuparia</i> )	Tumastaðir	152	
	Reyniviður alls:	1.678	Auk 150 g sem sáð var á Tumast. Jan 03
Koparreynir ( <i>S. Koehneana</i> )	Tumastaðir	24	Að auki sáð 25 gr. á Tumast. Jan. 2003
Úlfareynir ( <i>S. x hostii</i> )	Selfoss	40	Að auki sáð 25 gr. á Tumast. Jan. 2003
Tíbetreynir ( <i>Sorbus fruticosa</i> )	Tumastaðir	12	Að auki sáð 20 gr. á Tumast. Jan. 2003
	Aðrar reyniteg. alls:	76	auk 70 g sem sáð var á Tumast Jan 03
Kjarröður ( <i>Alnus viridis</i> )	Tumast. fv. Múlakot	1163	
Sitkaöður ( <i>A. sinuata</i> )	Tumastaðir fv. Kasilof	410	
Sitkaöður ( <i>A. sinuata</i> )	Tumastaðir fv. Skagway	780	
Sitkaöður ( <i>A. sinuata</i> )	Tumastaðir	452	
Gráöður ( <i>A. incana</i> )	Haukadalur fv. Rognan	46	
Blæöður ( <i>A. tenuifolia</i> )	Múlakot fv. Edmonton	170	
	Elritegundir alls:	3.021	
Birki ( <i>Betula pubescens</i> )	Tumast. fv. Bæjarst.	944	Lítið var af fræi á birki 2002
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Tumast. fv. Skagway	1208	1 fl.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Tumast. fv. Skagway	140	2 fl.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Haukadalur fv. Skagway	210	1 fl.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Tunguskógur fv. Skagway	435	1 fl.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Tunguskógur fv. Skagway	88	2 fl.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Snæfoksst. fv. Skagway	74	Sigurður í Gerðakoti tíndi. Eign Suðurl.skóga
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Skagway	3940	1 fl. Tínt á Hall. Hreinasað á Tum. Eign Hall.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Skagway	370	2 fl. Tínt á Hall. Hreinasað á Tum. Eign Hall.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Bennet Lake	1855	1 fl. Tínt á Hall. Hreinasað á Tum. Eign Hall.
Stafafura ( <i>Pinus contorta</i> )	Bennet Lake	370	2 fl. Tínt á Hall. Hreinasað á Tum. Eign Hall.
	Stafafura alls:	8.690	
Sitkagreni ( <i>Picea sitchensis</i> )	Sunnuhvoll fv. Port Lock	190	Úr garði Böðvars Guðm. Eign Skf. Árn
Rauðgreni ( <i>P. abies</i> )	Haukadalur fv. Drevja	90	Tínt að mestu af FSu og ML nemendum
	Alls hreinsað fræ	28.154	



Fræ tínt af reynvið í Múlakoti

Ljós. Hrafn Óskarsson

## Girðingar og vegir

### Viðhald girðinga

Viðhald girðinga var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Farið var með girðingum á eftirtöldum stöðum: Haukadalur, Laugarvatn, Hrauntún, Mosfell, Þjórsárdalur, Skarfanés, Tumastaðir, Tunga og Kollabær og Múlakot. Á Kirkjubæjarklaustri sá Einar Bjarnason um viðhald girðingar. Hrífunesgirðingu hefur Sigurgeir Gíslason í Flögu haldið við undanfarin ár.

### Endurnýjun girðinga

Síðla sumars voru 1,3 km af lélegasta kafla girðingarinnar milli Tungu og Torfastaða endurnýjaðir. Vandað var vel til verksins. Gamla girðingin var rifin upp og fjarlægð og girðingarstæðið síðan jafnað með jarðýtu. Verkið var frekar seinlegt vegna þess hversu mörg höf og horn eru á girðingunni og marga staura þurfti að grafa niður og staga. Í Þjórsárdal voru styttri kaflar í afréttargirðingunni endurgirtir, sem og á Laugarvatni og á Kirkjubæjarklaustri.



Unnið við Tungugirðingu

Ljós. Hrafn Óskarsson

### Viðhald vega

Illfærir kaflar í Þjórsárdal og Haukadal voru lagfærðir í ár. Auk þess var borið í vegi í Þjórsárdal á jólaföstunni m.a. á hjólhýsasvæði.

Möl var ekið í nokkra kílómetra af brautum í landi Tungu og Kollabæjar. Var mölin sótt neðan úr Kollabæjaraur. Til þessa verks var notaður stór malarvagn sem fenginn var að láni frá Jens í Teigi auk tóla og tækja frá Tumastöðum. Sett var ræsi í skurð neðan við Seilugil í Kollabæjarlandi og braut lögð á gömlum skurðruðningi. Nú er akfært með vélar og tæki í ógróðursett land við Torflækjarhóla.

Snemma sumars löguðu leigutakar í Skarfanési veginn að skógræktarlandinu austan að en ástand hans er mjög dapurt.

# Útivistarsvæði

## Tumastaðir

Skógarstígar um Lyðveldislundinn á Tumastöðum voru lagfærðir í sumar og unnu Landsvirkjunarkrakkar m.a. að því verki. Fjöldi unglunga vann við að halda umhverfinu á Tumastöðum snyrtilegu. Fólst vinnan í að slá grasflatir og hreinsa illgresi úr þeim og stærri svæðum t.d. tegundasafninu. Ljóst er að fá þarf meira fjármagn til umhirðu og viðbóta á tegundasafninu ef erfðalindahugmynd yfirstjórnar á að verða að raunveruleika, en ekki stendur þó til að hlaðnar verði steinbrýr í bráð.

## Trjagarðurinn í Múlakoti



Skilti sett í Múlakot

Ljósm. Hrafn Óskarsson

Umsjónamaður trjagarðsins í Múlakoti var eins og undanfarin ár Árni Guðmundsson. Garðurinn er líklega með snyrtilegustu trjagörðum landsins og til mikils sóma fyrir Skógrækt ríkisins. Útbúnir voru staurar með tréplöttum úr Tumastaðagreni. Á tréplattana voru fest skilti með upplýsingum um flestar trjategundir í trjásafninu í Múlakoti. Þórarinn Benedikz skrifaði megnið af textanum. Mikill vöxtur var í öspunum í Múlakoti enda voru Sunnlendingar duglegir að koma í garðinn og miga í skjóli aspanna. Í Múlakoti er að finna hæstu tré landsins af nokkrum tegundum, s.s. fjallapín, hengibjörk, aski og íslenskri blæösp.

## Þjórsárdalur

Kamar var smíðaður á vormánuðum og fluttur á tjaldsvæðið sunnan megin á Sandártungu. Bætir þetta aðstöðu ferðamanna nokkuð, enda oft langar biðraðir á gamla kamarinn, auk þess að nú hafa hreyfihamlaðir möguleika á að bregða sér á salerni.

## Haukadalur

Nýr skógarstígur var gerður í Haukadal sem ætlunin er að verði fær fyrir hreyfihamlaða, fólk með barnavagna eða gönguskiðafólk. Göngubrú um 20 m löng var byggð yfir s.k. Kaldalæk til að tengja saman stíga. Alls voru 400 m langur stígur fullkláraður í ár. Lengd stíga þar sem undirlag hefur verið jafnað með grófri mól en vantar að setja fint yfirborðslag er 600 m.

Styrkti Pokasjóður Verslunnarinnar verkefnið með 1 milljón króna, auk þess að Svæðisvinnumiðlun Suðurlands lánaði starfsfólk til verkefnisins.

## Pingvellir

---

